

Samráðsskjalið *Ræktum Ísland!* er vel unnið og sérstaklega má fagna þessu faglega ferli sem stefnan er undir. Einn kafli skýrslunnar er þó varhugaverður er hér er gerð sérstök skil á honum.

Lífrænn landbúnaður getur ekki verið hluti af landbúnaðarstefnu Íslands. Góð landbúnaðarstefna verður að byggja á vísindum en skilmálar fyrir lífrænni vottun eru það ekki. Vottunarkerfið er byggt á hugmyndafræði og á rætur sínar að rekja í hjátrú, sem enn einkennir kerfið.

Sérstaklega þegar markmiðin eru háleit eins og að minnka losun gróðurhúsalofttegunda, tryggja sjálfbæra nýtingu auðlinda, framleiða heilnæm matvæli og styðja fæðuöryggi þjóðarinnar, verður að styðjast við bestu þekkingu sem er til staðar sem er reist á traustum grunni vísindanna. Oft er því haldið fram af sölumönnum lífrænt vottaðra vara að vottunin tryggi einmitt ofangreind atriði ásamt því að ekki sé stuðst við varnarefni í framleiðsluháttum.

Lífrænt vottaður landbúnaður hindrar ekki notkun varnarefna í ræktun. Gjarnan er notast við eldri efni þrátt fyrir að nýrri og minna skaðleg efni hafa leyst þau af hólmi. Hvatt er til notkunnar heimagerðar varnaefna sem geta reynst enn hættulegri en skaðlegustu leyfð varnarefni.

Lífrænt vottaður landbúnaður takmarkar notkun áburðarefna sem leiðir til þess að gengið er á höfuðstól áburðarefna jarðvegsins sem er okkar dýmætasta auðlind. Að aukir leiðir skortur á áburðarefnum í ræktuninni til þess að afurðirnar eru lágar að gæðum

Lífrænt vottaður landbúnaður bannar nýja tækni í kynbótum og erfðatækni en leyfir eldri tækni til stökkbreytinga með kjarnorkugeislun og stökkbreytivaldandi efnum. Tækni sem er skaðleg mönnum og vistkerfum og er úrelt með tilkomu nýrri tækni svo sem *Agrobacterium tumefaciens* eða CRISPR Cas-9.

Lífrænt vottaður landbúnaður getur ekki talist umhverfisvænni en annar landbúnaður sem stundaður er með skynsömum búskaparháttum. Lífrænt vottaður landbúnaður leiðir til minni framleiðni á hverja landeiningu í nýtingu sem skaðar þjóðaröryggi, eykur losun gróðurhúsalofttegunda á hverja einingu afurða og ýtir undir landþörf við framleiðsluna.

Sé það stefna stjórnvalda að efla landbúnaðinn sem atvinnugrein, auka sjálfbærni hans og minnka umhverfisþor við framleiðslu matvæla verður að taka mið af vísindum rétt eins og innan heilbrigðiskerfisins þar sem hið opinber veitir þjónustu byggða á viðurkenndum heilbrigðisvísindum en ekki óhefðbundnum lækningaraðferðum. Samhliða því getur opinber landbúnaðarstefna ekki stefnt að því að styrkja óhefðbundnar landbúnaðaraðferðir sem ekki byggja á vísindum.

Það er hér lagt til að Lífrænn landbúnaður geti ekki verið hluti af opinberu stuðningskerfi landbúnaðarins. Ekki ætti að styðja lífræna vottun sérstaklega en veita þeim framleiðendum sem vilja stunda hann stuðning samhliða annari landbúnaðarframleiðslu.

Hrannar Smári Hilmarsson
Tilraunastjóri í jarðrækt við Landbúnaðarháskóla Íslands